

Sjókvíaeldi Fjarðareldis ehf. í Skutulsfirði

Ákvörðun um matsskyldu

1 INNGANGUR

Þann 3. nóvember 2020 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Fjarðareldi ehf. um fyrirhugað sjókvíaeldi í Skutulsfirði, Ísafjarðarbæ samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, sbr. liði 1.11 og 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Ísafjarðarbæjar, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Matvælastofnunar og Umhverfisstofnunar.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Þorskelði Fjarðareldis ehf. í Skutulsfirði. Tilkynning til ákvörðunar um matskyldu tegundabreytingar í fiskeldi úr framleiðslu á þorski í lax í sjókvíum. Fyrirspurn um matskyldu. Fjarðareldi ehf. nóvember 2020.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá Fiskistofu 22. desember 2020, Hafrannsóknastofnun 11. janúar 2021 og 1. mars 2022, Matvælastofnun 5. janúar og 21. maí 2021 og 31. maí 2022, Samgöngustofu 1. desember 2022, Umhverfisstofnun 14. janúar 2021 og 16. febrúar 2022 og Vegagerðinni 17. nóvember 2022.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 18. desember 2020, 19. janúar, 5. febrúar, 26. mars, 17. maí, 18. júní, 2. og 6. júlí 2021 og 18. og 27. maí og 17. ágúst 2022.

3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Forsaga málsins

Fjarðareldi ehf. sem áformar eldi á laxi í Skutulsfirði er í eigu Hábrúnar ehf. sem er með leyfi fyrir 700 tonna sjókvíaeldi í Skutulsfirði. Hábrún hefur stundað eldi á þorski og regnbogasilungi í sjókvíum í Skutulsfirði síðan 2002. Árið 2009 tók Skipulagsstofnun ákvörðun um að stækkun á eldi Álfsfells ehf. úr allt að 200 tonna ársframleiðslu í allt að 900 tonn af þorski í Skutulsfirði skyldi háð mati á umhverfisáhrifum. Sú framkvæmd var fyrirhuguð í grennd við þá framkvæmd sem nú er áformuð. Niðurstaða Skipulagsstofnunar var að líkur væru á því að þá þegar hafi eldi í Skutulsfirði haft áhrif á botndýralíf í firðinum, þó fiskeldi þar teldist ekki umfangsmikið. Árið 2017 sendi Hábrún ehf. inn tilkynningu um framleiðslu á 1.000 tonnum af þorski og regnbogasilungi einnig á sömu eldissvæðum og var það einnig niðurstaða Skipulagsstofnunar að sú framkvæmd skyldi háð mati á umhverfisáhrifum. Í ljósi þess að svigrúm á umfangi eldissvæða væri takmarkað vegna stærðar Skutulsfjarðar og talsverð skipaumferð um fjörðinn, taldi Skipulagsstofnun stækkun eldissvæðisins kallaði á nánari skoðun á samspili eldisins og mögulegri víxlverkan við aðra nýtingu í firðinum. Árið 2018 tók Skipulagsstofnun síðan ákvörðun um að 700 tonna eldi á þorski og regnbogasilungi á vegum Hábrúnar ehf. í Skutulsfirði væri ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Eðli þeirrar framkvæmdar var að inntaki það sama og gert var ráð fyrir í tilkynningu Hábrúnar frá árinu 2017, sem var ákvörðuð matskyld. Breytingin fólst í að dregið hafði verið úr stærð og umfangi framkvæmdar og samhliða settar fram nánari skýringar varðandi atriði sem snéru að lífrænu álagi



og slyshættu í samhengi við siglingaleiðir í grennd við eldissvæðið. Í lok árs 2020 sendi Hábrún og Fjarðareldi inn tilkynningar um framleiðslu á samtals 900 tonnum af laxi á sömu eldissvæðum auk eldissvæðis rétt norðan núverandi svæða innan Skutulsfjarðar. Skipulagsstofnun tók ákvörðun dags. 9. júlí um að tegundarbreyting Hábrúnar úr regnbogasilung og þorski yfir í lax, samtals 700 tonn, skyldi ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Núverandi fyrirkomulag eldis

Fram kemur í greinargerð Fjarðareldis að starfsleyfi fyrirtækisins heimili 200 tonna ársframleiðslu á þorski. Starfsleyfið gildir fyrir staðsetningu eldissvæðis við Miðhlíð utan við Eyrina á Ísafirði, á milli Eyrarinnar og Hnífsdals, innan Skutulsfjarðar en skv. eftirlitsskýrslu Umhverfisstofnunar með starfseminni frá 2. ágúst 2019 hefur aldrei verið starfsemi á eldissvæðinu og hefur Matvælastofnun ekki gefið út rekstrarleyfi vegna hennar.

Í umsögn Matvælastofnunar bendir stofnunin á að þegar umrætt fiskeldisleyfi Fjarðareldis ehf. var útgefið af heilbrigðisnefnd Vestfjarða árið 2012, voru lög um fiskeldi nr. 71/2008 í gildi og skv. þeim þurfti að afla rekstrarleyfis Fiskistofu til fiskeldis. Ekki er í gildi rekstrarleyfi á umræddri staðsetningu og ekki hefur verið sótt um slíkt.

Fyrirhugað áform

Áform Fjarðareldis verða með þeim hætti að alin verður ein kynslóð á eldissvæðinu og svæðið hvílt þess á milli. Framkvæmdaraðili hyggst nota seiði sem náð hafa 100 gr. þyngd við útsetningu auk þess að notast við ljósastýringu sem seinkar kynþroska á frjóum laxi sem dregur úr mögulegri erfðablöndun við villta stofna. Fáir Fjarðareldi ekki heimild fyrir eldi á frjóum laxi m.t.t. áhættumats erfðablöndunar fyrir Ísafjarðardjúp, hyggst framkvæmdaraðili notast við ófrjóan lax eða regnbogasilung. Áform Fjarðareldis miða við fjórar 90 m kvíar, með 64.000 m³ eldisrymi hver.

4 UMHVERFISÁHRIF

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Fjarðareldis ehf. og umsögnum umsagnaraðila.

Erfðablöndun við stofna villtra laxa

Fyrir liggja áform um tæplega 30.000 tonna sjókvíaeldi á vegum annarra aðila í Ísafjarðardjúpi. Samkvæmt áhættumati Hafrannsóknastofnunar vegna mögulegrar erfðablöndunar milli eldislaxa og náttúrulegra laxastofna er talið að hægt sé að leyfa allt að 12.000 til 14.000 tonna eldi á frjóum laxi í Ísafjarðardjúpi án þess að skaða laxastofna þeirra áa sem matið tekur til.

Í tilkynningu framkvæmdaraðila kemur fram að fjarlægð fyrirhugaðs eldis á laxi sé lengra frá þekktum laxveiðiám í Ísafjarðardjúpi en þau fjarlægðarmörk sem sett eru til viðmiðunar í áhættumati Hafrannsóknastofnunar. Í Ísafjarðardjúpi finnst lax í Laugardalsá og Langadalsá skv. rannsóknnum Hafrannsóknastofnunar. Það sé því ljóst að fyrirhugað eldi skapi enga hættu fyrir þessar ár, enda eru þær fjarri eldissvæðunum í Skutulsfirði, eða í 25,4 km fjarlægð annarsvegar og 42,6 km hinsvegar. Niðurstaðan sé því sú að þegar litið er til ýtrustu varúðarkrafna Hafrannsóknastofnunar um fjarlægð eldis og laxáa þá sé eldi Fjarðareldis og Hábrúnar vel staðsett.

Í umsögn Fiskistofu segir að stofnunin horfir einkum til þeirra áhrifaþátta vegna sjókvíaeldis á laxi við Ísland sem felast í mögulegum áhrifum af því að strokulax af norskum uppruna blandist villtum laxi og til þess að sjúkdómar eða sníkjudýr í eldisfiski geta smitað villta fiska og haft áhrif á viðkomu stofna þeirra. Breyting úr sjókvíaeldi á þorski í lax felur í sér mikla eðlisbreytingu á ofangreindum þáttum og telur Fiskistofa því mikilvægt að tegundabreytingin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.



Í Umsögn Hafrannsóknastofnunar er bent á að umfjöllun um að engin áhrif verði af eldinu á Langadalsá og Laugardalsá vegna línunnar sem dregin er við Æðey sé vafasöm eða fremur frjálsgleg ályktun. Þessi lína er sett sem varúðarnálgun en ekki hrein hindrun fyrir ferðir fiska. Ekki sé hægt að fullyrða að engin áhrif verði af fyrirhuguðu eldi á laxi, einungis að áhættumatið meti áhættuna vera „ásættanlega“ út frá skilgreindum breytum. Aðrar breytur sem teknar eru með í áhættumatið skipta einnig miklu máli eins og t.d. fjölda laxa í stroki/óhappi, tíðni sem og magn í hverju stroki. Hafa skal í huga að strokulaxar geta einnig haft neikvæð áhrif á minni laxastofna en þá sem eru í laxveiðiám eins og Langadalsá og Laugardalsá. Þá er ljóst að laxar sem ganga úr ám í Ísafjarðardjúpi og mögulega víðar ganga um áhrifasvæði fyrirhugaðs sjókvíaeldis á laxi, auk þess sem Ísafjarðardjúp er einnig beitarsvæði silungs og nytjafiska. Fyrirhugað magn af laxi er innan áhættumats erfðablöndunar og burðarþolsmats Hafrannsóknastofnunar.

Sjúkdómar í eldisfiski

Í tilkynningu framkvæmdaraðila kemur fram að ekki hafi komið upp smitsjúkdómar á Íslandi, sem valdið hafa miklum skaða hjá nágrannapjóðum. Nýrnaveiki sé sá sjúkdómur hérlendis sem hafi valdið mestum skaða en flestir sjúkdómar í eldi séu vegna bakteríusýkinga. Laxalús hafi einungis fundist í undantekningartilfellum í eldi hérlendis og enn sem komið er ekki í Ísafjarðardjúpi. Hinsvegar sé mikilvægt að gera ráð fyrir að aukið eldi í Ísafjarðardjúpi muni hafa í för með sér aukið lúsaálag. Í Noregi sýni rannsóknir að meira finnst af laxalús á svæðum þar sem umfangsmikið eldi fer fram¹. Laxalús og fiskilús séu nokkuð algengar á villtum laxfiskum við Ísland, en næstu ár við eldi Hábrúnar séu Tunguá í Skutulsfirði og Hnífsdalsá, en þær séu fyrst og fremst bleikjuár. Bleikjur hafi mun lægri smittíðni en aðrir laxfiskar og því megi búast við að mun minna sé af lirlfum laxa- og fiskilúsa í firðinum en ef um væri að ræða nálægð við laxveiðiár með stóra stofna laxa.

Matvælastofnun bendir á að laxalús hafi greinst í laxeldisstöðvum í sjó á Vestfjörðum og einnig hafi hennar orðið vart á Austfjörðum. Áformað eldi Fjarðareldis og Hábrúnar gerir ekki ráð fyrir kynslóðaskiptu eldi enda eru öll eldissvæði inni á einu sjókvíaeldissvæði. Verði af samhlíða eldi Fjarðareldis og Hábrúnar í Skutulsfirði verður um að ræða eitt sjókvíaeldissvæði þar sem unnt verður að ala eina kynslóð af lax á hverjum tíma m.t.t. sjúkdómavarna. Matvælastofnun bendir á að hvergi kemur fram í tilkynningu Fjarðareldis hvernig framkvæmd eldisins á að vera m.t.t. kynslóðaskiptingar. Matvælastofnun telur að tegundabreyting sjókvíaeldis í Skutulsfirði sé það mikil breyting m.t.t. rekstrarleyfisskilyrða og sjúkdómavarna að ástæða sé til að farið verði fram á umhverfismat.

Hafrannsóknastofnun hafnar fullyrðingu framkvæmdaraðila að laxalús finnst aðeins í undantekningartilvikum í laxeldi við Ísland. Mikilvægt sé að hafa í huga að enn sé mörgum spurningum ósvarað varðandi bæði áhrif laxa- og fiskilúsa á villta fiska og áhrif lyfja gegn þeim á lífríki í nágrenni eldissvæða. Reynslan erlendis hafi verið sú að laxalús myndar með tímanum ónæmi fyrir lyfjum og því hafa þau lyf sem nú eru þekkt aðeins dugað í takmarkaðan tíma. Þetta undirstriki mikilvægi þess að rétt sé farið með stöðu mála og aðgerðir gegn vandamálum eins og lús er og/eða getur orðið í eldi. Út frá starfssviði Hafrannsóknastofnunar, fyrirbyggjandi leyfum framkvæmdaraðila og þeirri áætlun um mótvægisáðgerðir gegn laxa- og fiskilús sem lögð er fram af hálfu framkvæmdaraðila metur stofnunin framkvæmdina ekki þurfa að fara í gegnum mat á umhverfisáhrifum.

Í viðbótarumsögn Hafrannsóknastofnunar tekur stofnunin undir áhyggjur Matvælastofnunar um sjúkdómavarnir, þar sem til stendur að fleiri en ein kynslóð verði í einu á afmörkuðu svæði. Ef

¹ Bjørn, P.A., Finstad, B., Nilsen, R., Uglem, I., Asplin, L., Skaala, Ø. and N.A. Hvidsten. 2010. *Nasjonal lakselusovervåkning 2009 på ville bestander av laks, sjøørret og sjørøye langs Norskekysten samt i forbindelse med evaluering av nasjonale laksevassdrag og laksefjorder*. Norsk institutt for naturforskning. NINA Rapport 547.



svæðið er alltaf virkt (engin hvíld) sé vafi á hvort samræmd hvíld framkvæmdaraðila og annarra, ásamt samræmdri útsetningu seiða þjóni tilgangi sínum. Það sé því ákveðin óvissa um þetta atriði líkt og Matvælastofnun telur vera. Það er því mat Hafrannsóknastofnunar að framkvæmdaraðili þurfi að færa betri rök fyrir því að óhætt sé að hafa fyrirkomulag eldisins á þann hátt sem óskað er eftir og telur þörf á frekara áliti Matvælastofnunar um það efni.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að eldið verði á einu sjókvíaeldissvæði sem feli í sér að ef upp koma sjúkdómasmit eða lúsasýkingar þá er það á ábyrgð fyrirtækisins að bregðast við samkvæmt því sem eftirlitsstofnanir gera kröfu um.

Í viðbótarumsögn Matvælastofnunar kemur fram að í fyrri umsögn taldi Matvælastofnun fyrirhugaða tegundabreytingu það mikla breytingu m.t.t. rekstrarleyfisskilyrða og sjúkdómavarna að ástæða væri til þess að farið yrði fram á umhverfismat. Þá horfði stofnunin aðallega til sjúkdómavarna vegna eldissvæða fyrirtækisins sem liggja samhliða auk þess sem hvíld samliggjandi eldissvæða tryggir ekki sjúkdómavarnir. Fyrirtækið hafi svarað ábendingum stofnunarinnar á þá leið að fyrirtækið sé meðvitað um að bregðast við samkvæmt kröfum eftirlitsstofnana komi upp sjúkdómasmit eða lúsasýkingar. Matvælastofnun bendir þó á að ef eitthvað kemur upp þá verður að líta á svæðið sem eina heild og eigandi þarf þá að taka ábyrgð á því t.d. ef fyrirskipa þarf förgun vegna heilbrigðismála. Þar sem ofangreindu hafa verið gerð skil telur stofnunin ekki ástæðu til þess að farið verði fram á umhverfismat m.t.t. útgáfu rekstrarleyfis, rekstrarleyfisskilyrða eða sjúkdómavarna.

Uppsöfnun lífrænna efna á sjávarbotni undir og við kvíarnar

Í tilkynningu framkvæmdaraðila kemur fram að lífrænt álag vegna eldisins verði staðbundið og afturkræft og muni hafa óveruleg áhrif á ástand sjávar í Ísafjarðardjúpi. Þó næringarefnaauðgun verði vegna fiskeldis Fjarðareldis sé líklegt að áhrif til aukinnar frumframleiðni svifþörungna verði lítil og þar af leiðir einnig á dýrasvif. Ekki sé líklegt að eldi Fjarðareldis muni skapa hættulegt súrefnisástand við hafsbotn og hafi óæskileg áhrif á lífríki fjarðarins.

Að mati Umhverfisstofnunar eru helstu umhverfisáhrif starfseminnar uppsöfnun lífrænna efna á sjávarbotni undir og við kvíarnar. Stofnunin telur umfjöllun tilkynningarskýrslu um lífrænt álag á vistkerfi viðtaka rýr og telur ekki æskilegt að miðað sé við álag frá þorskeldi. Umhverfisstofnun telur ólíklegt að losun næringarefna fari yfir þau mörk sem sett eru í starfsleyfum stofnunarinnar fyrir fiskeldi skv. þeim upplýsingum um fóðrun sem fram koma. Umhverfisstofnun telur að vegna umfangs starfseminnar og samlegðar hennar við sjókvíaeldi Hábrúnar ehf. að breytingin sé ekki líkleg til að valda umtalsverðum umhverfisáhrifum og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Hafrannsóknastofnun bendir á í umsögn sinni með tilliti til strauma og annarra umhverfispáttá að lítið er fjallað um staðbundin áhrif í Skutulsfirði. Stofnunin bendir á að viðeigandi hefði verið að fjalla um fyrirbyggjandi gögn frá Skutulsfirði sem tekið er fram að framkvæmdaraðili hafi í fórum sínum. Hafrannsóknastofnun gerir ekki athugasemdir við staðsetningu eldisins, en telur ástæðu til þess að ástand botns innan eldissvæðanna sé vaktað með reglulegum hætti, sérstaklega vegna þess að vatnshlotið Skutulsfjörður ytri er nú þegar undir álagi frá byggð og fiskvinnslu. Komið hafi í ljós hérlendis og erlendis að mismunandi eldissvæði þurfa mis langa hvíld milli kynslóða. Lengd hvíldartíma skal vera nægjanleg bæði vegna umhverfisins og vegna velferðar eldisdýra. Bent er á að vatnshlot eins og Skutulsfjörður þurfa að uppfylla kröfur sem settar eru fram í lögum um stjórn vatnamála. Gerð er krafa um að ástand vatnshlota hnigni ekki vegna starfssemi eins og fiskeldis. Hnigni ástand vatnshlota vegna starfssemi sem þessarar ber að upphefja ástand þess með tilheyrandi kostnaði.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að útreikningar á magni lífrænna efna sem berast út í umhverfið sé ávalt í hlutfalli við fóðurmagn á hverjum tíma. Talið sé að 70% af öllu kolefni í fóðri berist út í umhverfið, 62% af öllu köfnunarefni og 70% af öllum fosfór. Meginhluti kolefnis berist



sem koltvísýringur (CO₂) út í umhverfið. Losun næringarefna vegna eldis á 200 tonnum af laxi hjá Fjarðareldi, þar sem fóðurstuðullinn sé 1,2, geri ráð fyrir að árlegri fóðurnotkun verði 240 tonn og út frá því berist 9.828 kg af köfnunarefni, 1.680 kg af fosfór og 23.256 kg af kolefni árlega frá eldinu.

Öryggi sjófarenda

Vegagerðin bendir á í umsögn sinni að gera þurfi grein fyrir fyrirhuguðum breytingum á sjókortum og sýna fram á hvernig breytingin hafi áhrif á m.a. siglingaleiðir. Meta þurfi hvort setja eigi upp sérstakar merkingar meðfram siglingaleiðum þegar fyrir liggja hvernig afstaða og fjarlægð búnaðar/festinga í kvíar, sem settar verður upp innan eldissvæðisins verði gagnvart siglingaleiðum.

Samgöngustofa bendir á í umsögn sinni að fyrirhuguð staðsetning Fjarðareldis muni hugsanlega þrengja að siglingaleiðum undir Óshlíð og að og frá Skutulsfirði, með hugsanlegum áhrifum á öryggi siglinga. Stofnunin telji því að ekki sé nægjanlega gerð grein fyrir framkvæmdinni að því er varðar siglingaröryggi og hugsanlegum mótvægisáðgerðum sem grípa gæti þurfi til.

5 SKIPULAG OG LEYFI

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Einnig rekstrarleyfi Matvælastofnunar samkvæmt lögum um fiskeldi og reglugerð um fiskeldi.

Upphaflega tilkynnti framkvæmdaraðili um tegundabreytingu á fyrirliggjandi leyfi sem útgefið var af Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða 2012.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að það sé mat stofnunarinnar að sækja þurfi um nýtt starfsleyfi. Þá kemur fram í umsögn Matvælastofnunar stofnunin geti ekki gert tegundabreytingu skv. 13. gr. reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi þar sem Fjarðareldi hafi ekki rekstrarleyfi. Því þurfi fyrirtækið að sækja um nýtt rekstrarleyfi sem fer skv. 12. gr. sömu reglugerðar.

Í svörum framkvæmdaraðila hefur því verið haldið fram að fyrirliggjandi starfsleyfi útgefið af Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða sé ígildi starfs- og rekstrarleyfis. Skipulagsstofnun bendir á að þegar starfsleyfið var gefið út gerðu lög um fiskeldi nr. 71/2008 kröfu um rekstrarleyfi, útgefna af Fiskistofu, auk starfsleyfis til starfrækslu fiskeldisstöðva líkt og tilgreint er í umræddu starfsleyfi Fjarðareldis.

Samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, eins og þau voru við útgáfu starfsleyfis Fjarðareldis, var útgáfa starfsleyfa almennt í höndum heilbrigðisnefnda en viss atvinnurekstur var háður útgáfu starfsleyfa af hálfu Umhverfisstofnunar. Meðal atvinnureksturs sem Umhverfisstofnun veitti leyfi fyrir var sjókvíaelði þar sem ársframleiðsla er meiri en 200 tonn.

Samkvæmt þágildandi lögum nr. 106/2000 um umhverfismat framkvæmda var sjókvíaelði þar sem ársframleiðsla er 200 tonn eða meiri tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar, sbr. 6. gr. laganna.

Þegar Fjarðareldi fékk umrætt starfsleyfi til fiskeldis var fyrir fyrirtækið Sjávareldi ehf. fyrir með starfsleyfi fyrir 200 tonna eldi í Skutulsfirði, útgefið í lok árs 2011, og voru eigendur fyrirtækjanna þeir sömu. Þá var einnig fyrirtækið Glaður með 200 tonna starfsleyfi í Skutulsfirði, gefið út í lok árs 2008.

Það er mat Skipulagsstofnunar að áður en starfsleyfi Fjarðareldis var veitt árið 2012 þurfti að liggja fyrir ákvörðun Skipulagsstofnunar um að framkvæmdin skyldi ekki háð umhverfismati eða álit stofnunarinnar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar, sbr. ákvæði 13. gr. þágildandi laga nr. 106/2000.



Samkvæmt 4.gr. a. laga um fiskeldi ákveður Hafrannsóknastofnun skiptingu fjarða eða hafsvæða í eldissvæði á grundvelli burðarþols og bestu heildarnýtingar mögulegra eldissvæða. Þegar svæðaskipting liggur fyrir úthlutar ráðherra eldissvæðum. Gögn um úthlutun eldissvæða skv. 4. gr. a. laga um fiskeldi skulu fylgja umsókn um rekstrarleyfi ef við á, sbr. 8. gr. laga um fiskeldi.

Tillaga að strandssvæðisskipulagi á Vestfjörðum hefur verið samþykkt af svæðisráði og bíður hún staðfestingar ráðherra þegar ákvörðun þessi er skrifuð. Strandsvæðaskipulag fyrir Vestfirði hefur því ekki tekið gildi. Fyrirhugað eldissvæði er staðsett á svæði sem skv. tillögu að strandssvæðisskipulagi er ætlað er fyrir almenna nýtingu.

6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða áform um sjókvíaeldi á 200 tonnum af laxfiskum í Skutulsfirði sem er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 1.11 í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum.

Eðli og staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum skal taka mið af eðli hennar, meðal annars stærð og umfangi, úrgangsmyndun, mengun og samlegðar með öðrum framkvæmdum, sbr. 1. tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar með tilliti til hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til þeirrar landnotkunar sem fyrir er, álagspols strandsvæða og kjörlendis dýra, sbr. 2. tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Um er að ræða umfangslítið sjókvíaeldi. Hábrún, eigandi Fjarðareldis, er þegar með leyfi til þess að ala 700 tonn af fiski í Skutulsfirði. Fyrirhugað eldi Fjarðareldis er umfangslítið og verður umfang eldis á vegum Hábrúnar áfram lítið eftir að eldi Fjarðareldis bætist við. Auk þess að hafa samlegðaráhrif með eldi Hábrúnar mun Fjarðareldi einnig hafa samlegðaráhrif með öðru eldi í Ísafjarðardjúpi.

Ástand sjávar og botndýralíf

Fyrirhugað eldi mun fela í sér aukið álag á ástand sjávar og botndýralíf vegna þess úrgangs sem mun koma til með að falla frá eldinu. Líkt og fyrr segir er þó um að ræða umfangslítið eldi og mun umfang úrgangs vera í samræmi við það.

Skutulsfjörður er grunnur fjörður og er þröskuldur við mynni fjarðarins. Fjörðurinn skiptist í tvö vatnshlot: Skutulsfjörð ytri og Skutulsfjörð innri. Ástand Skutulsfjarðar innri er metið í óvissu vegna losunar óhreinsaðs skólps. Eldissvæði Hábrúnar eru staðsett í Skutulsfirði ytri sem ekki er talið í hættu en þar er skráð álag vegna skólpráveitu, fiskeldis auk siglinga. Fyrirhugað eldissvæði Fjarðareldis er staðsett innan vatnshlotsins Ísafjarðardjúps rétt utan við Skutulsfjörð ytri.

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála er markmið þeirra að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnasviðskerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögnum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Vistfræðilegt ástand lífríkis í vatnshloti getur verið mjög gott, gott, ekki viðunandi, slakt og lélegt. Gerð er sú krafa að öll vatnshlot skuli ávallt vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi. Fyrirhugað eldi Fjarðareldis er ólíklegt til að hafa áhrif á Skutulsfjörð innri en mögulega kann hluti úrgangs að berast inn í Skutulsfjörð ytri.

Erfðablöndun

Samkvæmt áhættumati Hafrannsóknastofnunar er talið mögulegt að ala allt að 12.000 til 14.000 tonn af frjóum laxi í Ísafjarðardjúpi án þess að eldi hafi áhrif á þá náttúrulegu laxastofna sem áhættumatið nær til. Því er ólíklegt að mögulegar slysasleppingar úr fyrirhuguðu 200 tonna eldi



Fjarðareldis komi til með að hafa áhrif á laxastofna í þeim ám sem áhættumatið nær til. Áhættumatið nær þó ekki til áa þar sem veiði hefur ekki verið skráð með reglubundnum hætti. Takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir um litla laxastofna í Ísafjarðardjúpi en fyrir liggur að lax hefur veiðst og seiði fundist í fleiri ám en þeim sem áhættumatið tekur til.²

Verndarsvæði

Fyrirhugað eldissvæði er í nágrenni við svæði nr. 318 á náttúruminjaskrá. Þar sem finna má sérkennilega klettaströnd, lífauðuga fjöru og mikið fuglalíf.

Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Áhrif framkvæmdar ber að skoða í ljósi eiginleika hugsanlegra áhrifa einkum með tilliti til: svæðis sem ætla má að verði fyrir áhrifum, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, samlegðaráhrifa og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Ástand sjávar og botndýralíf

Sem fyrr segir er fyrirhugað eldi lítið að umfangi og styrkur umhverfisáhrifa á flesta umhverfisþætti í samræmi við það. Áhrif vegna eldissins bætast þó við þau áhrif sem eldi Hábrúnar í Skutulsfirði hefur. Þar sem fyrirhugað eldissvæði er staðsett í mynni Skutulsfjarðar má gera ráð fyrir að áhrif á Skutulsfjörð sem viðtaka úrgangs verði minni en ef verið væri að auka eldi innan núverandi svæða Hábrúnar.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að stofnunin telur að helstu áhrif framkvæmdarinnar felast í uppsöfnun lífrænna efna á botni sjávar undir og við kvíar eldisins. Umhverfisstofnun telur þó að eldi Fjarðareldis sé ekki líklegt til að valda umtalsverðum umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun tekur undir með Umhverfisstofnun og telur ólíklegt að eldi Fjarðareldis komi til með að hafa umtalsverð umhverfisáhrif á ástand sjávar eða botndýralíf.

Í tilkynningu framkvæmdaraðila er ekki tilgreint hve lengi er fyrirhugað að hvíla eldissvæði milli eldislota. Fyrirhugað eldissvæði Fjarðareldis er lítið að flatarmáli og því takmarkað svigrúm til að færa kvíar til innan svæðis til að dreifa álagi. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að ef verði af útgáfu starfsleyfis þá innihaldi það skýr ákvæði um vöktun og heimild Umhverfisstofnunar til að fresta einhliða útsetningu seiða reynist ástand undir kvíum ekki viðunandi.

Sjúkdómar og sníkjudýr

Í 5. mgr. 18. gr. reglugerðar um fiskeldi skal fjarlægð á milli fiskeldisstöðva ótengdra aðila almennt vera 5 km en Matvælastofnun getur þó heimilað styttri fjarlægðir. Fyrirtækin Arctic Sea Farm og Arnarlax hafa sótt um leyfi fyrir eldissvæði innan 5 km frá fyrirhuguðu eldissvæði Fjarðareldis. Eigi að koma til eldis á öllum þeim svæðum sem framangreindir aðilar stefna að mun Matvælastofnun þurfa að veita undanþágu frá framangreindu ákvæði um lágmarksfjarlægðir milli ótengdra aðila.

Í tilkynningu framkvæmdaraðila er því haldið fram að Hábrún stundi kynslóðaskipt eldi og að með tilkomu eldis Fjarðareldis verði áfram um að ræða kynslóðaskipt eldi. Í tilkynningu segir að kynslóðaskiptu eldi sé ætlað að draga úr hættu á sjúkdómum og mögulegu smiti á milli kynslóða. Í núgildandi leyfi Hábrúnar er þó sérstaklega tekið fram að eldið sé án kynslóðaskipta og bendir Matvælastofnun á það í umsögn sinni. Þá kemur fram í frekari upplýsingum framkvæmdaraðila að fyrirhugað sé að hafa fleiri en eina kynslóð í eldi á sama tíma. Skipulagsstofnun hefur fengið þær upplýsingar frá Matvælastofnun að gera megri ráð fyrir því að krafa verði gerð um kynslóðaskipt eldi hjá Hábrún í Skutulsfirði verði gerð breyting á því leyfi. Matvælastofnun geti ekki sagt til um hvernig

² Sjá t.d. Guðmunda Þórðardóttir og Guðni Guðbergsson (2021) Lax og silungsveiðin 2020. Hafrannsóknastofnun.; Halla Kjartansdóttir og Sigurður Már Einarsson (2009) Fiskistofnar Ósár og Syðridalsvatns. Rannsóknir 2008. Veiðimálastofnun.; og Sigurður Már Einarsson og Friðþjófur Árnason (2000) Fiskirannsóknir í Heydalsá í Mjóafirði. Veiðimálastofnun.



skipting Ísafjarðardjúps í sjókvíaeldissvæði komi til með að vera en eldi Fjarðareldis gæti lent innan sama sjókvíaeldissvæðis og eldissvæði Hábrúnar. Fyrirliggjandi upplýsingar eru því ekki skýrar um tilhögun eldis með tilliti til kynslóðaskipta og skiptingu sjókvíaeldissvæða. Þrátt fyrir framangreint telur Skipulagsstofnun að horfa beri til þess að einungis er um að ræða 200 tonna aukningu á eldi og eftir stækkun verður eldi Hábrúnar og Fjarðareldis 900 tonn sem verður að teljast lítið að umfangi. Þá hefur Matvælastofnun bent á að áhætta af dreifingu sjúkdóma annarra en laxalúsar úr eldisfiski í villtan fisk sé hverfandi lítil, jafnvel þó fiskur sleppi. Mesta hættan við dreifingu sjúkdóma sé bundin við smitdreifingu með eldisbúnaði og flutningi á smituðum eldisfiski.³ Ekki síður ber að horfa til þess að Matvælastofnun hefur heimild til að grípa til aðgerðar komi upp smitsjúkdómar, sem kveða á um samræmda útsetningu seiða í rekstrarleyfum og setja skilyrði um að rekstrarleyfishafar vinni ásamt öðrum rekstrarleyfishöfum á sama eða samliggjandi sjókvíaeldissvæðum að sjúkdómavörnum, viðbrögðum við sjúkdómum og vöktun sníkjudýra. Skipulagsstofnun telur að fyrirhugað eldi Fjarðareldis komi til með að auka álag á villta laxfiska með tilliti til sjúkdóma og sníkjudýra. Með hliðsjón af áður nefnum heimildum Matvælastofnunar til að skilyrða rekstrarleyfi telur Skipulagsstofnun að áhrifin verði ekki umtalsverð. Hvað samlegðaráhrif með öðru eldi varðar þá er eldissvæði Fjarðareldis í mikilli nálægð við fyrirhuguð eldissvæði Arctic Sea Farm og Arnarlax en Matvælastofnun á eftir að taka afstöðu til þess hvort ásættanlegt sé með tilliti til smitvarna að veita undanþágu frá fjarlægðarmörkum reglugerðar um fiskeldi.

Skipulagsstofnun leggur til að í leyfum sé skýrt kveðið á um heimildir til að bregðast við vegna mögulegra afleiðinga þess að laxa- og fiskilús ásamt lyfjameðhöndlun verði viðvarandi í eldi í Skutulsfirði. Bæði vegna mögulegra áhrifa lúsar á villta fiska sem og vegna mögulegra mengunaráhrifa lyfja á annað lífríki.

Erfðablöndun

Skipulagsstofnun telur að boðaðar mótvægisáðgerðir varðandi lágmarksstærð útsettra seiða og ljósastryringu, séu líklegar til að draga úr neikvæðum áhrifum á villta laxastofna. Mikilvægt er að í rekstrarleyfi verði kveðið á um boðaðar mótvægisáðgerðir. Í ljósi þess að um er að ræða umfangslítið eldi, og með hliðsjón af boðuðum mótvægisáðgerðum, telur Skipulagsstofnun að áhrif fyrirhugaðs eldis Fjarðareldis séu ekki líkleg til að verða mikil, m.t.t. til erfðablöndunar. Eldi Fjarðareldis kemur til með að hafa samlegðaráhrif með öðru eldi á Vestfjörðum.

Siglingar

Líklegt er að fyrirhugað eldissvæði komi til með að hafa áhrif á siglingar vegna staðsetningar fyrir mynni Skutulsfjarðar. Eldissvæðið er afar lítið að umfangi en mun væntanlega leiða til eitthvað lengri siglingaleiða þegar siglt er til eða frá Ísafirði undir Óshlíð. Eru þau áhrif afturkræf verði eldi hætt á svæðinu.

Í umsögnum Vegagerðarinnar og Samgöngustofu var bent á að þörf væri á frekari upplýsingum varðandi áhrif á siglingar, öryggi þeirra og mótvægisáðgerðir. Líkt og fyrr segir bíður tillaga að strandsvæðaskipulagi fyrir Vestfirði staðfestingar ráðherra. Komi til leyfisveitinga áður en strandsvæðaskipulagið hefur verið staðfest af ráðherra telur Skipulagsstofnun að hafa þurfi samráð við Samgöngustofu og Vegagerðina um upplýsingar sem þurfa að liggja fyrir áður en hægt er að taka afstöðu til útgáfu leyfis og mótvægisáðgerðir til að tryggja öryggi siglinga.

Landslag og verndarsvæði

Í ljósi þess að Skutulsfjörður er lítill fjörður þar sem þegar fer fram fiskeldi auk þess sem þar er höfn og mikil umferð skipa telur Skipulagsstofnun að áhrif á landslag verði takmörkuð sem og á verndarsvæði í Skutulsfirði.

³ Matvælastofnun (2020). Greinargerð. Útgáfa rekstrarleyfis FE-1152. Laxar eignarhaldsfélag ehf. 10.000 tonna laxeldi í Reyðarfirði.



Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 1. febrúar 2023.

Reykjavík, 28. desember 2022.

Egill Þórarinsson

Jón Smári Jónsson